



1. júní 2021

## DRONEDARONE TEVA – LEIÐBEININGAR FYRIR LÆKNINN

Mikilvægar öryggisupplýsingar um örugga notkun dronedaróns.

Ágæti læknir,

Leiðbeiningar fyrir lækna hafa verið útbúnar fyrir Dronedarone Teva. Leiðbeiningarnar voru útbúnar að kröfu lyfjafirvalda og eiga að auðvelda læknum að meta hvort ávísun og notkun dronedaróns sé viðeigandi fyrir sjúklinga sína. Markmiðið er að auka öryggi og tryggja rétta notkun lyfsins. Lyfjastofnun hefur yfirfarið textann.

Þó leiðbeiningarnar séu mjög mikilvægar innihalda þær þó ekki tæmandi upplýsingar um lyfið og því þurfa læknar einnig að lesa vandlega Samantekt á eiginleikum lyfs og sjúklingarnir þurfa að lesa fylgiseðilinn sem fylgir með lyfinu. Hvorutveggja er aðgengilegt á vef Lyfjastofnunar, Lyfjaupplýsingar-Sérlyfjaskrá, [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).

Leiðbeiningunum var ekki dreift, heldur eingöngu birtar á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is) og eru ætlaðar: Öllum sérfræðingum í hjartasjúkdómum, sérfræðingum í heimilis- og heilsugæslulækningum, Hjartagátt, Bráðamóttöku Borgarspítala, lyfjafræðingum í sjúkrahúsapótekum og lyfsölum í lyfjabúðum. Viðtakendur eru hvattir til að láta aðra heilbrigðisstarfsmenn vita um fræðsluefnið eftir því sem við á.

### Tilkynning aukaverkana

Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu til Lyfjastofnunar: [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is) eða til Teva Pharma Iceland ehf: [Lyfjagat@teva.is](mailto:Lyfjagat@teva.is), sími 550 3300.

Virðingarfyllst,

Ragnheiður Thoroddsen

Pharmacovigilance & Medical Operations Manager

Teva Pharma Iceland ehf.